

# Áfangalýsing – íslenska



## Menntaskóli Borgarfjarðar

### Námsgrein:

Íslenska 404 – ÍSL 404

### Fjöldi eininga: 4

### Undanfari:

Íslenska 304 – ÍSL 304

### Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Aðaláherslan er á bókmenntir 19. aldar. Vakin athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis.

### Kennslugögn:

- *Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900 - 1900.* 2005. Ritstjórar: Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. Bjartur, Reykjavík.
- Halldór Kiljan Laxness. 2007. *Íslandsklukkan.* Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Kristinn Kristjánsson. 1996. *Íslenskar bókmenntir 1550-1900.* Iðnú, Reykjavík.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. *Handbók um ritun og frágang.* Mál og menning, Reykjavík.
- Kjörbók að eigin vali.

### Námsmat:

- Verkefni um strauma og stefnur í bókmenntum tímabilsins: 30%
- Verkefni úr Íslandsklukkunni: 20%
- Smásaga og ljóðaverkefni: 10%
- Kaflapróf úr helstu þáttum námsefnisins: 30%
- Kjörbók: 10%

## Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- bókmenntum og bókmenntasögu tímabilsins frá 1550 - 1930
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- öllum helstu bókmenntahugtökum og mismunandi tegundum bókmennta
- tímabilum í íslenskum bókmenntum, s.s. lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi
- samspili bókmennta og þjóðfélagsbreytinga
- algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- ritgerðarsmið og heimildarvinnu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna
- flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta tímabilsins

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður
- tjá rökstudda afstöðu og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og geta miðlað því á skýran hátt til samnemenda sinna
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- sýna víðsýni og sköpunarhæfni í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum